

## LÖG

### um breytingu á lögum um umboðsmann skuldara, nr. 100/2010, með síðari breytingum (upplýsingaskylda og dagsektir).

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

5. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

#### 2. gr.

Í stað 2. mgr. 3. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Upplýsingasöfnun umboðsmanns skuldara er háð því skilyrði að hún sé nauðsynleg og varði upplýsingarnar tiltekinn skuldara skal samþykki hans fyrir vinnslunni liggja fyrir. Þegar upplýsinga er aflað frá öðrum en skuldara skal fylgja ákvæðum 21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um fræðsluskyldu umboðsmanns skuldara.

Sé ekki orðið við beiðni umboðsmanns skuldara um að veita upplýsingar skv. 1. mgr. innan hæfilegs frests getur hann ákveðið að viðkomandi aðili skuli greiða dagsektir þar til upplýsingarnar hafa verið látnar í té.

Aðila sem ákvörðun um dagsektir skv. 3. mgr. beinist að skal veittur fjórtán daga frestur til að koma að skriflegum andmælum áður en ákvörðun er tekin. Tilkynningu umboðsmanns skuldara um fyrirhugaða ákvörðun um dagsektir og ákvörðun um dagsektir skal fylgja rökstuðningur. Að öðru leyti gilda stjórnarsýslulög um ákvörðun um dagsektir. Ákvörðun skal tilkynnt bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir falla á hvern dag frá og með fyrsta virka degi frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun þar til upplýsingaskylda er sinnt og þær falla niður þegar umboðsmaður skuldara telur að upplýsingaskyldan sé uppfyllt. Dagsektir geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. fyrir hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal m.a. líta til fjölda starfsmanna þess aðila sem ákvörðun beinist að og hversu umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir eru aðfararhæfar án undangengins dóms og renna í ríkissjóð.

#### 3. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því: Heimilt er að kæra ákvarðanir samkvæmt lögum þessum til ráðherra. Um málsmeðferð stjórnarsýslukæru gilda ákvæði stjórnarsýslulaga.

Þegar ákvörðun um dagsektir skv. 3. mgr. 3. gr. er kærð til ráðherra skal ráðherra kveða upp úrskurð eins fljótt og unnt er og að jafnaði innan mánaðar frá því að kæra barst til úr-

skurðar. Óheimilt er að innheimta dagsektir fyrr en ráðherra hefur úrskurðað í málinu. Dagsektir leggjast ekki á meðan kæra er til meðferðar hjá ráðherra. Staðfesti ráðherra ákvörðun umboðsmanns skuldara um dagsektir halda dagsektir áfram að leggjast á frá og með fyrsta virka degi frá dagsetningu úrskurðar ráðherra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. febrúar 2015.*

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Einar K. Guðfinnsson. Markús Sigurbjörnsson.**  
(L. S.)

*Eygló Harðardóttir.*